



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2014



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR


Ársskýrsla 2014

Ágæti lesandi

Hér getur að líta ársskýrslu HASK ársins 2014 en ýmsar ástæður liggja að baka því að útkoma hennar hefur dregist nokkuð á langinn. Á síðunum sem hér fara á eftir verður farið yfir helstu þætti í starfseminni ásamt því að tölulegum upplýsingum er komið á framfæri.


Einstakt góðviðri einkenndi vorið og sumarið og hófust menn snemma handa við gróðursetningar. Þeim var lokið um miðjan júlí og engar haustplöntur voru í boði þetta árið. Alls voru gróðursettar 527.510 plöntur og hafa ekki jafn fáar plöntur verið gróðursettar á svæðinu síðan verkefnið tók til starfa árið 1991. Er það miður þar sem óplantað er í um 7.000 ha. af samningsbundnu landi.

Sem fyrr eru plöntukaup og gróðursetning fjárfrekasti liðurinn í starfsemi verkefnisins. Keyptar voru plöntur fyrir um 17,7 milljónir og kostnaður við gróðursetningu og áburðargjöf var um 13,3 milljónir. Alls voru gróðursettar 527.510 skógarplöntur sem skiptust þannig á milli svæða að rúmlega 18% plantnanna fóru niður á Austurlandsskógasvæðinu en tæplega 82% á Héraðsskógasvæðinu. Skipting milli svæða var eins og mynd 1 sýnir.



Mynd 1. Skipting gróðursetninga milli svæða

Eins og oft áður er langmest plantað af lerki en hlutdeild þess í gróðursetningum er 56%, þar á eftir kemur fura með 15% hlutdeild og greni 13%. Af öðrum tegundum er mun minna gróðursett. Sjá má skiptingu tegunda á mynd 2.




Mynd 2. Hlutfallsskipting tegunda

Lögð er áhersla á að stilla jarðvinnslu þannig af að ekki sé jarðunnið meira á hverri jörð en í mesta lagi til tveggja ára. Þar sem svæði eru lítil og fáar plöntur gróðursettar árlega er þó gjarnan, ef hægt er, jarðunnið til fleiri ára þar sem dýrt er að fá vélar á staðinn. Á árinu voru jarðunnir um 126 ha.

Friðun skógarsvæða er grundvöllur þess að vel takist til við skógræktina. Því miður kemur fyrir að misbrestur er á eftirliti með friðun. Þar sem langar girðingar sem friða margar jarðir eru til staðar ber við að landeigendur telji sig ekki bera ábyrgð á friðuninni. Það skal undirstrikað að það er alltaf ábyrgð landeigandans að fylgjast með sínum skógi og sjá um að halda fjárlausu. Girðingar, bæði nýgirðingar og viðhald eru enda jafnan stór þáttur í kostnaði verkefnisins. Á árinu 2014 var hlutfall girðingakostnaðar tæp 8% af tilfærslum. Minna varð úr nýgirðingum en til stóð og sótt hafði verið um en viðhald eldri girðinga var svipað og undanfarin ár. Nýgirðingar voru 3,4 km., en viðhald greitt fyrir tæplega 83 km. í kílómetragjaldi og fyrir 836,5 klst. í tímavinnugjaldi eða sem svarar um það bil 4,8 mannmánuða vinnu.

Unnið var að slóðagerð á 32 jörðum á árinu. Lagning vegslóða er stöðugt vaxandi liður í starfseminni í samræmi við aukna umhirðu í skógum. Stækkandi hópur verktaka hefur „sérhæft“ sig í þessum verkþætti og er ánægjulegt að sjá hvað vinnubrögð þeirra eru vönduð, oft við mjög erfiðar aðstæður. Einnig er nokkuð um að landeigendur sjái sjálfir um slóðagerð á sínum jörðum. Landeigandinn veit jafnan best hvar hentugast og best er að leggja slóðirnar um jörðina. Slóðagerð og umhirða eru framkvæmdaþættir sem aukast jafnt og þétt. Af heildar tilfærslum verkefnisins fóru um 19% til slóðagerðar og til umhirðu fóru rúm 29%. Grisjun eða millibilsjöfnun fór fram á 22 jörðum og samtals voru unnir um 110 ha..

Á mynd 3 má sjá kostnaðarskiptingu í rekstri Héraðs- og Austurlandsskóga. Í töflunni lykiltölur er hægt að sjá breytingar kostnaðarþátta milli ára en almennt eru ekki miklar sveiflur milli liða. ÓIS



Mynd 3. Kostnaðarskipting

Það helsta úr starfinu árið 2014

Þegar horft er til baka til að rifja upp helstu atburði úr starfi Héraðs- og Austurlandsskóga á árinu 2014 er fyrst staldrað við árlegan fund með skógarbændum, sem að þessu sinni var haldinn þann 18. febrúar á Hótel Héraði. Á fundinum sem var vel sóttur var sýnd mynd sem Hlynur G. Sigurðsson tók upp á Elmia Wood sýningunni í Svíþjóð árið áður. Elmia Wood er ein stærsta tækjasýning á sviði skógræktar í heiminum og er haldin í Svíþjóð á nokkurra ára fresti. Hlynur fór ásamt fleirum á sýninguna og myndaði hluta hennar. Afrakstur þeirrar myndatöku var sýndur á fundinum og ekki laust við að sumir kæmst í framkvæmdahug við áhorfið. Myndbandið er aðgengilegt á heimasíðu Héraðsskóga á slóðinni <https://goo.gl/iz1mLV>

Á fundinum sagði Þröstur Eysteinnsson í máli og myndum frá ferð starfsfólks HASK vestur um haf á haustdögum 2013. Þeirri ferð var gerð góð skil í síðustu ársskýrslu og verður ekki til frekari umfjöllunar hér.



Skógarhöggsvél Kristjáns M. Magnússonar



Timburflutningabíll lestaður

Mikið var unnið í umhirðu á árinu og voru millibilsjafnaðir og/eða grisjaðir um 109 hektarar. Einingis eitt grisjunarútboð var birt á árinu en lokið við grisjun á nokkrum jörðum eftir fyrri útboð. Ný skógarhöggsvél var keypt til landsins, Kristján Már Magnússon verktaki festi kaup á sérhæfðri grisjunarvél af gerðinni Gremo1050h frá Svíþjóð. Nokkrir skógarbændur seldu afurðir sínar í gegnum Skógrækt ríkisins til Elkem á Grundartanga og var tilkomumikið að sjá fulllestaða timburflutningabíla á ferð um héraðið.

Föstudaginn 2. maí útskrifuðust 8 nemendur Grænni skóga 1 á Austurlandi eftir kynningu á lokaverkefnum sínum. Grænni skógar er eins og menn þekkja námskeiðaröð ætluð skógarbændum og áhugasömum skógræktendum sem vilja auka þekkingu sína á viðfangsefninu og ná betri árangri í skógrækt. Landbúnaðarháskóli Íslands sér um framkvæmd námskeiðanna í samstarfi við landshlutaverkefnið í skógrækt, landsamtök skógaræigenda, félag skógarbænda, Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins.



Grænni skóga útskrift

Þau sem útskrifuðust að þessu sinni voru í stafrófsröð: Anna Bergljót Sigurðardóttir skógarbóndi Fannardal, Bergsteinn Brynjólfsson skógarbóndi Hafrafelli III, Bjarki Sigurðsson skógarhöggismaður Egilsstöðum, Björn Marínó Pálmason skógarbóndi Mjóanesi, Egill Arnaldur Ásgeirsson skógræktarmaður Neskaupsstað, Finnur Þorsteinsson skógaræigandi Útnyrðingsstöðum, Heiðveig Agnes Helgadóttir skógarbóndi Setbergi, og Ragnheiður Haraldsdóttir verðandi skógarbóndi Surtstöðum.

Vorið var með eindæmum gott og gleymdust bæði páska- og hvítasunnuhret sem alla jafna má ganga að sem vísun. Gróðursetningar fóru því snemma af stað og gengu vel og áfallalaust. Samtals voru gróðursettar 527.510 plöntur. Alltaf er nokkuð um að skógarbændur segi sig frá þeim plöntum sem þeir hafa beðið um og getur það skapað talsverð vandræði. Yfirleitt er liðið langt á gróðursetningartímum þegar þessi staða kemur upp og aðrir sem hefðu viljað meira eru þá gjarnan búnir að planta og/eða búnir að missa sitt starfsfólk. Þótt þetta skapi aukið álag bæði á starfsfólk HASK og starfsfólk gróðrarstöðvanna er aðal áhyggjuefnið að plöntur komist ekki tímanlega í jörðu og árangur verði slakari en ella.

Skógardagurinn mikli var haldinn laugardaginn 21. júní í samstarfi skógræktaraðila á svæðinu. Þetta var í 10. sinn sem skógardagurinn var haldinn og var reynt að gera dagskrá hans sérstaklega veglega í tilefni afmælisins. Aldrei hefur brugðist að veðurguðirnir séu skógardeginum hliðhollir og mættu um 2000 manns í skóginn í rjómalíðu. Austfirðingar endurheimtu titilinn í Íslandsmeistaramótinu í skógarhöggi er Ólafur Árni Mikaelsson skógarhöggismaður hjá Skógrækt ríkisins vann mótið.

Eins og undanfarin ár voru skrifstofur Héraðs- og Austurlandsskóga lokaðar vegna sumarleyfa í þrjár vikur frá miðjum júlí fram yfir verslunarmannahelgi. Sífelld fleiri fyrirtæki eru með lokað á þessum tíma og ekki verður annað séð en fyrirkomulagið henti ágætlega, bæði skógarbændum og starfsfólki.

Sigurður Ingi Jóhannsson Umhverfis- og auðlindaráðherra ásamt yfirstjórn ráðuneytisins heimsóttu verkefnið í ágúst. HASK ásamt Skógrækt ríkisins tóku sameiginlega á móti ráðuneytisfólki á flugvællinum á Egilsstöðum og síðan var keyrt sem leið lá inn á Hallormsstað með viðkomu á völdum stöðum. Farið var yfir stöðu skógræktarmála bæði í rútunni á milli staða og á viðkomustöðum og ráðuneytisfólki sýndir áhugaverðir staðir og framkvæmdir í skógrækt. Heimsóknin var afskaplega vel heppnuð og gaf ráðherra fyrirheit í máli sínu um eflingu skógræktar í landinu.



Frá heimsókn ráðherra

Landsmót landshlutaverkefnanna hafa verið haldin árlega, óslitið frá árinu 2000. Á landsmóti sem verkefni skiptast á um að halda, koma starfsmenn saman í tvo daga seinni part sumars eða að hausti og taka fyrir ákveðin málefni eða kynna sérstök verkefni sem þau standa að. Ásamt fróðleiknum sem er miðlað er hæfileg blanda af skemmtun og íþróttaiðkunum. HASK sá um landsmótið þetta árið og kynnti sína aðferðafræði við millibilsjöfnun auk þess að sýna slóðagerð á vettvangi. Farið var í skóginn á Mjóanesi, Strönd og að Uppsölum og skoðað hvað búið er að gera í millibilsjöfnun og slóðagerð á þessum jörðum. Gist var í Skálanesi og var Ólafur staðarhaldari fenginn til að segja frá staðnum.



Landsmót 2014 - Skálanes

Framkvæmdastjórar verkefnanna héldu í viking til Svíþjóðar á haustdögum til þess að skoða tækjakost við millibilsjöfnun og grisjun í sænskum skógum og kynna sér úrvinnslu timbers hjá einkaaðilum, skógarbændum og smáfyrirtækjum. Ferðin hófst í Stokkhólmi þar sem hópurinn hitti Marianne Eriksson og Hans Tiben hjá sænsku bændasamtökunum LRF. Þaðan var farið var til Jämtlandsfylkis sem er norðarlega í Svíþjóð, þar tók á móti hópnum Göran Espmark formaður skógareigenda hjá Norrskog. Hafði hann veg og vanda af skipulagningu ferðarinnar. Nánar er sagt frá ferðinni í sérstökum pistli í skýrslunni.



Umhirðunámskeið á Höfða

efnið, stóðu landshlutaverkefni fyrir sameiginlegum innkaupum á „eldvarnarlöppum“ sem þykja henta vel til að slökkva gróðurelda á byrjunarstigi. Klöppurnar standa skógarbændum til boða á kostnaðarverði og eru allir skógareigendur hvattir til þess að koma klöppu í verkfærasafn sitt.

Stjórn Héraðs- og Austurlandsskóga er óbreytt frá fyrra ári og skipuð þeim Þorsteini Bergssyni formanni, Jóhanni Gísla Jóhannssyni frá félagi Skógarbænda á Austurlandi og Þór Þorfinnssyni frá Skógrækt ríkisins. Sjö fundir voru haldnir á árinu og eru fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu HASK www.heradsskogar.is

Fastir starfsmenn verkefnisins eru sem fyrr þau Hlynur G. Sigurðsson, Sherry Curl og Ólöf I. Sigurbjartsdóttir. Í hlutastarf fyrri part árs og sumarstarf var ráðinn Haukur Guðmundsson. ÓIS

Myndir frá Skógardeginum mikla



Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Arnheiðarstaðir							
Árteigur			4.690	400	1.640		
Ás					27.134		
Ásgeirsstaðir		5.360	10.099	13.000	680		984
Birnufell			160		5.829		
Bláeyri (Hlíðargarður)			4.953		4.020	3.840	7.680
Borg					5.293		
Bragðavellir I			804		804		
Breiðavað							
Brekkuborg		1.000					120
Brekkusel				2.080	4.600		
Droplaugarstaðir			1.120	1.520	1.520		
Eyjólfstaðir Völlum							
Eyjarland							
Fannardalur		9.216			1.807		
Fell		4.355		1.800	2.680		
Flaga							
Fremri Nýpur		480			520		576
Freyshólar	3.000	2.400	7.153	3.792	28.921		9.000
Geirólfsstaðir	288	768	6.834		8.575		
Grund	1.008	2.948	5.963	320	2.211		
Gunnlaugsstaðir							
Hafrafell III							
Hagi					3.015		
Helluland/Hóll			1.340		2.400		
Hjarðarhagi	1.128		6.073	1.992	20.250		720
Hjartarstaðir I			1.480		15.609		
Hlíðarendi I			3.953	240			
Hnitbjörg			2.345		5.720		
Hof II							
Hrafnsgerði				2.064			
Hreimsstaðir	648	4.292	9.444	848	5.072	312	72
Hrólfstaðir		216	402	4.520			
Hræreklækur		4.958		3.240			
Hvammur Völlum		1.344	737	6.360	7.206		
Kleppjárnsstaðir	528	640					

Samtals	Ábarnar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Nýgirðingar	Jarðvinnsla ha.	ha. Grisjun/ Millibilsjöfnun
						0,7
6.730	6.730					
27.134						
30.123	34.539				11,1	
5.989						6,0
20.493	15.669	5	4.824		8,7	
5.293	34.018					
1.608	804					
						5,9
1.120	1.120					
6.680	6.680					
4.160	4.160					0,3
						2,6
				0,5		
11.023	11.023					
8.835	8.835					
				0,9	3,0	
1.576	1.576					
54.266	25.345				23,6	
16.465					11,2	
12.450	12.450					
						9,6
						5,8
3.015	3.015					
3.740	3.740				14,8	
30.163	28.435					
17.089	17.089				10,0	
4.193	4.193					
8.065	8.065					
						3,2
2.064	2.064					7,7
20.688	18.314	1	576		10,0	
5.138	2.058				5,0	1,0
8.198	7.622					
15.647	15.647					
1.168						

Yfirlit framkvæmda - framhald

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp
Lindarhóll				1.776	9.590		4.992
Litla-Steinsvað II					400		
Melar							
Miðhúsasel					5.092		
Mjóanes B							
Mjóanes H							1.512
Mjóanes R					3.960		
Mjóanes S					4.000		
Mýnes II							
Mýrar				800	3.283		792
Mælivellir							
Óseyri	504	536	536	480	14.002		96
Rauðholt			938	1.000	6.209		
Refsmýri							
Sauðhagi II	504		1.474	3.000	4.020		
Setberg				9.600	17.420		
Skáli			1.005				
Skeggjastaðir II							
Skorrastaður I					1.200		
Skriða				1.000			
Snjóholt					5.360		
Sólbrekka							
Stóra-Sandfell I					1.560		
Stóra-Steinsvað		1.488			30.416		984
Strandhöfn		1.407		3.400			
Strönd			30	960			
Stöð	1.992	1.200	520				
Sórlastaðir			335	160			
Vað		600	200	192			
Vatnsdalsgerði	216	431	3.426	5.504	8.708		72
Víðivallagerði		192	860		7.689		48
Víðivellir-fremri			1.943	192			
Víðivellir-ytri I							
Ytri-Nýpur					8.040		
Þorbrandsstaðir					6.551		
Samtals	9.816	43.831	78.817	70.240	293.006	4.152	27.648

Samtals	Ábarnar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Nýgirðingar	Jarðvinnsla ha.	ha. Grisjun/ Mllibilsjöfnun
16.358	16.358				3,3	
400						10,0
5.092						1,6
1.512						4,5
3.960	3.960				5,5	
4.000	4.000					
4.875	4.875			0,8	2,8	6,6
16.154	16.154					6,9
8.147	8.363					
8.998	8.998				3,8	1,2
27.020	9.600				3,7	0,6
1.005	1.005					
1.200	1.200					10,5
1.000	1.000			1,2		
5.360						
1.560						1,3
32.888	31.548				10,9	
4.807	4.807					
990						13,8
3.712						
495	495					
992						
18.357	13.853					
8.789	5.880					8,7
2.135	2.135					
8.040	8.040				6,2	0,8
6.551	6.551				9,5	
527.510	422.013	5,3	5.400	3,4	143,1	109,3

Svíþjóðarferð

Á haustdögum 2014 héldu framkvæmdastjórar landshlutaverkefnanna til Svíþjóðar til að kynna sér tækjakost við grisjun og úrvinnslu afurða í sambærilegum stærðarflokki og hér gæti gengið. Göran Espmark, formaður skógareigenda hjá Norrskog var fenginn til að skipuleggja ferðina og hann ferðaðist með okkur þá daga sem ferðin stóð yfir. Flogið var til Stokkhólms þar sem tækifærið var notað og sænsku bændasamtökin, Lantbrukarans Riksförbund (LRF) voru heimsótt. Þar hittum við fyrir Marianne Eriksson, sem okkur er að góðu kunn úr Kraftmeiri skóga samstarfi, ásamt Hans Tiben skógarbónda. Marianne fræddi okkur um skipulag samtaka skógareigenda auk almenns fróðleiks um sænska skóga en Hans sagði okkur frá eigin rekstri og sínu skógarmannafélagi, Mellanskog.

Frá Stokkhólmi var haldið til norðurs, Strömsund í Jämtland fylki var áfangastaðurinn og þar tók Göran Espmark á móti okkur. Sænskir skógar þekja um 28 milljón ha. og þar af er furuskógur um 40%. Rúmur helmingur sænskra skóga er í eigu 330.000 skógarbænda. Úrvinnslan er að mestu í höndum stórfyrirtækja á borð við SCA og Homen eða samtaka skógarbænda. Samtök skógarbænda/eigenda eru fjögur talsins: Södra, Mellanskog, Norrskog og Norra. Sameiginleg tenging samtakanna er LRF Skogsägera sem er eins komar búgreinafélag innan sænsku bændasamtakanna. Skógareigendafélögin eru frjáls félagasamtök með það að aðalmarkmiði að rekstur skógarauðlindarinnar sé hagkvæmur og sjálfbær fjölskyldurekstur. Þau sjá um markaðs- og sölumál, rekstrarráðgjöf og alhliða skógarþjónustu. Þau reka ýmis afurðasamlög og fyrirtæki í úrvinnslu. Félögin njóta ekki ríkisstyrkja en reka sig á tekjum af eigin starfsemi og félagsgjöldum sem taka mið af landstærð skógareigandans.




Malva 460 skógarhöggsvél



Frá Grill skógarbónda var farið í litla sögunarverksmiðju BK trä (www.bktra.se), sem framleiðir bjálkahús og húsgögn. Þetta er fjölskyldurekstur sem hefur byggst upp síðan 1992. Upphaflega markmið þeirra var að kaupa timbur og saga eftir pöntunum viðskiptavina. Fyrirtækið hefur síðan þróast í að framleiða allskonar sérpantaða hluti úr timbri, allt frá innréttingum til fullbúinna húsa, ásamt því að afgangið sagað timbur eftir óskum viðskiptavina.

Frá BK fórum við til TF-bygg sem sérhæfa sig í framleiðslu kraftsperra úr límtré. Einn maður vinnur alla jafna við samsetningu sperranna en fyrirtækið er samrekið með byggingavöruverslun. Samsetningin á sperrunum er gott dæmi um hvernig er hægt að skapa vinnu í trjáiðnaðinum án mikils tilkostnaðar.




Áfangastaðurinn var Jämtland fylki



Hans Tiben fyrrum formaður Mellanskog



Hjá BK trä er timbrið sagað og unnið



Sýnishorn af samsetningu sem notuð er á kraftsperrur

Göran fræddi okkur um sitt skógareigendafélag Norrskog. Það sér um hefðbundna skógræktarráðgjöf, gerir ræktunaráætlanir, sér um skógmælingar og fer með umsjón og skipulag á afsetningu afurða. Um 3% tekna fer í rekstur félagsins. Það á og rekur eigið sagverk og á hluti í öðrum.

Á öðrum degi ferðar fór Göran með okkur í heimsókn til Clas Grill skógarbónda. Skógur þeirra hjóna er um 600 ha. og vinnur Clas alfarið í sínum skógi. Hann var með litla grisjunarvél Malva 460 sem hann notar bæði við högg og útdrátt. Vélin er afar nett, vegur um 3,6 tonn er 1,9 m. breið og 37 hestöfl. Hún er á vatnsfylltum gúmmídekkjum og skilur ekki eftir sig slóðir í skóginum. Þessi vél eða sambærileg gæti hentað vel hérlendis í þá stærð af skógum sem við erum að vinna með. Hún tekur að hámarki boli sem eru 30 cm í þvermál.

Það sem eftir var dags var kíkt á vel grisjaðan furuskóg með standandi 400 m³/ha. Það var komið við í skógi sem verið var að fella og þar fengum við upplýsingar um að skógarbóndi fær um 120 SEK fyrir m³ af timbri sem fer til brennslu, um 170 SEK fyrir m³ af furutimbri sem ætlað er í pappír og allt upp í 420 SEK fyrir m³ af timbri af bestu gæðum til sögunar. Við kíktum á aðstöðu skógarbónda sem á hjólsög og leigir aðstöðuna til þeirra sem vilja saga sitt timbur sjálfir og til skógarbónda sem á NIAB traktorspresessor (tæki sem sett er aftan á traktor og sagnar niður í réttar lengdir og afgreinar stofna). Hægmatandi græja en greinilega vinnusparandi fyrir einrykja í skógrækt. Þessir staðir áttu það sameiginlegt að yfirbyggingin var engin og aðstaðan í lágmarki en gerði sitt gagn.



Vel grisjaður furuskógur og íbúar hans




Isotimber er þróað af fyrirtækinu og pellets framleitt úr saginu sem myndast við framleiðsluna



Að endingu lá leiðin heim á skógarbýli leiðsögumans okkar. Þar sýndi hann okkur aðstöðu sína og tækjabúnað og vel hirtan skóginn. Mikil snyrtimennska einkenndi staðinn sem hefur verið í eigu sömu ættar frá árinu 1673.

Á þriðja degi var byrjað í Görviks tré í Görvik. Þar búa bræður sem reka svínabú, sláturhús og sögunarmyllu. Þeir eiga um 1000 ha. skóg í nokkurri fjarlægð frá búinu og reka þar einnig smíðaverkstæði. Smíðaverkstæðið vinnur límtré, smíðar loftklæðningar með hljóddempun og einnig tröppueiningar til að endurnýja gamlar tröppur og fl. Bræðurnir vilja selja smíðaverkstæðið og einbeita sér betur að sögunarmyllunni heima á búinu.

Næsti viðkomustaður var Ottsjö Snickeri. Þar eru rekin tvö aðskilin fyrirtæki undir sama þaki. Annað sérhæfir sig í smíði á stigum og auk eigandans Alf Nilson vinna þar tveir starfsmenn. Þeir framleiða um 60-65 stiga á ári úr margskonar efnivið. Sé efniviðurinn fura er hún keypt á svæðinu þ.e. í Hammerdal, aðrar viðartegundir eru keyptar frá Smálöndunum. Markaðurinn er Östersund og nárenni. Hver stigi kostar um 35.000 SEK. Hitt fyrirtækið sérhæfir sig í einingahúsum, þar eru fjórir starfsmenn sem sjá um smíði eininga inni á verkstæðinu og fara síðan á vettvang og setja húsin upp. Smíði eininganna tekur um tvær vikur en misjafnt er hversu langan tíma uppsetningin tekur. Fermetraverð á nýbyggingum í Svíþjóð spannar frá 9.000 SEK upp í 36.000 SEK.



Hjá Görviks tré eru m.a. framleiddar loft- og tröppueiningar



Göran Espmark leiðsögumaður okkar í ferðinn



Sten Eriksson hefur þróað og smíðar útihúsgögn og leikföng



Í Ottsjö snickeri eru smíðaðar sérpantaðir stigar og húseiningar

Frá Görviks tré var farið í Skogma (www.skogma.se) sem er stór vefverslun með aðsetur í Hammerdal. Fyrirtækið er í eigu þjóðverja en útibú eru á Norðurlöndum og víða í norður Evrópu. Hjá Skogma fæst allt sem viðkemur skógrækt.

Frá Skogma lá leiðin til til Lam-Tech í Hammerdal. Það er stór verksmiðja sem framleiðir Isotimber og pellets (viðarkögla). Isotimber eru timbureiningar sem notaðar eru til húsbýgginga. Hægt er að sjá myndband af framleiðslunni á <http://www.youtube.com/watch?v=lkTzcntCruE>. Mest er unnið úr furu en einnig úr greni. Við framleiðslu eininganna fellur mikið til af sagi sem notað er til framleiðslu á pellets.

Frá Lam-Tech var farið í Jæra snickeri og design. Lítið smíðaverkstæði út í sveit rekið af einyrkjanum Sten Eriksson. Hann sérhæfir sig í hönnun á útihúsgögnum og gluggum og vinnur auk þess sérpantanir (www.jaradesign.se).

Það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar sem héldu heim á leið á fjórða degi. Það sem stendur upp úr eftir ferðina, í því sem fyrir augu bar, er hversu víða má finna lítil fyrirtæki með 1-4 starfsmenn sem hafa sérhæft sig í smíðum eða annarri úrvinnslu timburafurða. Þessi fyrirtæki eru staðsett í strjálbýli og stundum heima á skógræktarjörðunum. Í sumum tilfellum var eingöngu um þurrkun og sögun að ræða. Afkoma fyrirtækjanna byggir á hnökralausri aðfangakeðju og eftirspurn eftir vörunum á markað.

Mikil nægjusemi einkennir þá einyrkja sem við hittum og tækjaóðum Íslendingum þætti eflaust nóg til um aldurinn á sumum verkfæranna sem enn voru í fullri notkun á búunum. Upp á vegg í aðstöðuhúsi leiðsögumans okkar Görans Espmark rákumst á heimspekilegar vangaveltur hans er varða skógræktina og lýsa vel viðhorfum þeirra skógarbænda sem við hittum í ferðinni og þeirri nægjusemi sem ræður ríkjum. 1. Ekki flækja hlutina, 2. Haltu kostnaði niðri, 3. Felldu að hámarki árlegan viðarvöxt skógarins [á ári]. **ÓIS.**

Lykiltölur

Ýmsar lykiltölur	2009	2010	2011	2012	2013	2014
1 Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða	153	155	132	132	128	130
2 Flatarmál í hekturum	16.761	17.776,5	15.207	14.744	14.759	15.083
3 Fjöldi jarða þar sem er gróðursett	67	69	53	63	58	55
4 Fjöldi jarða með framkvæmdir	96	86	83	86	87	92
5 Lengd ræktaðra skjólbelta í km	3,6	3	10,8	11,3	5,0	5,3
6 Heildarfjöldi gróðursettra plantna	1.389.740	982.396	881.018	651.583	547.641	527.510
7 Grisjaðir/bilaðir hektarar	17,35	10,9	57,2	115,5	124,5	109,0
8 Ársverk	4,7	4,3	4,2	3,7	3,6	3,6

Lykiltölur úr ársreikningi	2008	2009	2010			
9 Heildarfjárveiting + sértekjur	161.145.300	151.673.225	129.356.320			
10 Heildargjöld	174.991.190	150.071.960	130.601.624			
11 Laun og launatengd gjöld	31.263.229	17,9%	29.570.352	19,7%	28.740.472	22,0%
12 Starfstengdur kostnaður	5.430.500	3,1%	4.017.930	2,7%	4.266.132	3,3%
13 Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	13.380.174	7,6%	10.108.689	6,7%	10.727.911	8,2%
14 Framlög til skógarbænda	122.949.698	70,3%	104.555.687	69,7%	82.773.641	63,4%
15 Annar rekstarkostnaður	1.907.205	1,1%	1.323.575	0,9%	3.138.528	2,4%
16 Eignakaup	60.384	0,0%	495.727	0,3%	954.940	0,7%
17 Ýmsar sértekjur	5.345.300	16.473.225	1.056.320			
18 Hagnaður/Tap	-13.845.890	1.601.265	-1.245.304			

2011	2012	2013	2014				
120.386.732	121.687.654	118.236.812	120.424.198				
130.111.796	126.210.411	115.112.511	131.776.285				
29.230.062	22,5%	27.369.223	21,7%	28.542.306	24,8%	30.669.227	23,3%
3.296.137	2,5%	3.003.465	2,4%	3.359.406	2,9%	2.681.249	2,0%
8.904.897	6,8%	7.557.281	6,0%	5.816.787	5,1%	7.219.240	5,5%
86.084.915	66,2%	79.593.158	63,1%	74.318.966	64,6%	88.878.105	67,4%
2.411.480	1,9%	3.762.347	3,0%	2.742.594	2,4%	1.904.325	1,4%
184.305	0,1%	4.924.937	3,9%	332.452	0,3%	424.139	0,3%
1.686.732	4.187.654	436.812	124.198				
-9.764.833	-4.522.757	3.124.301	-11.352.087				

Skýringar

- Fjöldi jarða með þinglýsta skógræktarsamninga í lok hvers árs (ástæða fækkunar á milli ára er að við endurnýjun útrunninna samninga sáu sér ekki allir hag í að endurnýja)
- Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
- Fjöldi jarða þar sem er gróðursett ár hvert
- Heildarfjöldi jarða með framkvæmdir
- Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
- Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
- Grisjaðir og bilaðir (grisjun í ungskógi) hektarar
- Ársverk starfsmanna Héraðs- og Austurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
- Heildarfjárveiting ásamt sértekjum Héraðs- og Austurlandsskóga
- Heildargjöld
- Heildarlaun starfsmanna og stjórnar Héraðs- og Austurlandsskóga
- Aksturskostnaður, dagpeningar, ferðakostnaður, fundir, risna
- Sími, tölvupj., prentun, bókhald, húsn.kostn.
- Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
- Ýmis annar kostnaður
- Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
- Ýmsar sértekjur og hlutfall þeirra af heildartekjum
- Afgangur - tap



Slóðagerð á Víðivöllum Fremri

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2014	Reikningur 2013	Fjárheimildir 2014
Tekjur			
Sértekjur	124.198	436.812	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	124.198	436.812	0
Gjöld			
Almennur rekstur	131.776.285	115.112.511	120.300.000
101 Héraðs- og Austurlandsskógar	131.776.285	115.112.511	120.300.000
Gjöld samtals	131.776.285	115.112.511	120.300.000
Tekjur umfram gjöld	-131.652.087	-144.675.699	-120.300.000
Framlag úr ríkissjóði	120.300.000	117.800.000	120.300.000
Hagnaður/tap ársins	-11.352.087	3.124.301	0



Haust á Héraði

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2014	Reikningur 31.12.2013
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	50.000	50.000
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	50.000	50.000
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	8.256.359	9.010.804
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	3.544.848	6.515.504
Handbært fé	2.385.992	2.659.269
Veltufjármunir samtals	14.187.199	18.185.577
Eignir samtals	14.237.199	18.235.577
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé/ Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	14.456.391	11.332.090
Breytingar v/lokafjálaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	-11.352.087	3.124.301
Höfuðstóll í árslok	3.104.304	14.456.391
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals	1.882.814	1.882.814
Eigið fé í árslok	4.987.118	16.339.205
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	0
Skammtímalánatökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	9.250.081	1.896.372
Skammtímaskuldir samtals	9.250.081	1.896.372
Skuldir samtals	9.250.081	1.896.372
Skuldir og eigið fé samtals	14.237.199	18.235.577

Sjóðstreymi

	Reikningur 2014	Reikningur 2013
Hagnaður/tap ársins	-11.352.087	3.124.301
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	2.970.656	-4.614.474
Breyting skammtímaskulda	7.353.709	695.906
Handbært fé frá rekstri	-1.027.722	-794.267
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-120.300.000	-117.800.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	121.054.445	109.189.574
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	754.445	-8.610.426
Breyting á handbæru fé	-273.277	-9.404.693
Handbært fé í ársbyrjun	2.659.269	12.063.962
Handbært fé, hreyfingar	-273.277	-9.404.693
Handbært fé í árslok	2.385.992	2.659.269



Hlynur hnýtir pelastik

Munum eftir eldvarnarklöppunum!



Efni skýrslunnar er unnið af starfsfólki HASK. Myndir eru einnig teknar af starfsfólki HASK nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd: Langavatn í Fellum
 Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Sigurbjartsdóttir
 Uppsetning: Hrafnhildur L. Hafsteinsdóttir



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2014